

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Skagafirði.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund á þéttbýlisstöðum í Skagafirði, sbr. 10. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Skagafirði skal vera kr. 14.509. Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. maí en eindagi er 30. maí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, örmerking auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött á þéttbýlisstöðum í Skagafirði, sbr. 10. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Skagafirði skal vera kr. 10.156. Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. júlí en eindagi er 30. júlí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, örmerking auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

3. gr.

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði, sem eftir eru af árinu.

4. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt I. kafla, 4. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Skagafirði, skal vera kr. 14.509 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 29.017 ef til handsömunar kemur aftur. Að auki skal greiða þann kostnað, sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds/kattar. Handsömunargjald skal greiða við afhendingu hunds/kattar. Óskráða hunda/ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

5. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Skagafirði lækka gjöldin skv. 1. gr. gjaldskrár þessarar um 30%.

Undanþága frá leyfisgjöldum er veitt vegna leitarhunda og hjálparhunda fyrir fatlaða einstaklinga. Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Skagafjarðar 15. nóvember 2023 með vísun til heimilda í samþykkt um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði nr. 783/2010 og samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur gjaldskrá sama efnis nr. 1625/2022 úr gildi.

Sauðárkróki, 17. nóvember 2023.

Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri.